

Svar

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um móttöku Þjóðskjalasafnsins á gögnum úr borgarskjalasafni.

Á fundi borgarráð þann 9. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 41 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Í skýrslu KPMG kemur ekkert fram um hvort eða þá hvernig Þjóðskjalasafnið sé í stakk búið til að taka við Borgarskjalasafni eins og stefnt er að sbr. tillögu borgarstjóra um niðurlagningu safnsins. Þá vakna ýmsar spurningar hjá fulltrúa Flokks fólksins. A. Vill Þjóðskjalasafnið taka við Borgarskjalasafninu? B. Hafa átt sér stað einhverjar viðræður um þau mál? C. Hvert er kostnaðarmat Þjóðskjalasafnsins og menntamálaráðherra á slíku verkefni? D. Hvað þyrfti Reykjavíkurborg að greiða í meðgjöf með Borgarskjalasafninu við slíkan tilflutning? E. Er nægilegt að menntamálaráðherra sé sent bréf þess efnis að frá og með einhverjum degi sé Borgarskjalasafn á ábyrgð Þjóðskjalasafns hvort sem það vill eða vill ekki?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar í stafrænu ráði sem vísaði hennar áfram til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs til umsagnar, með bréfi dagsettu þann 14. apríl 2023.

Svar:

Vill Þjóðskjalasafnið taka við Borgarskjalasafninu?

Þjónustu- og nýsköpunarsvið getur ekki sagt til um vilja Þjóðskjalasafns í þessum málum. Eins og lög um opinbera skjalavörslu kveða á um, og Þjóðskjalavörður sjálfur hefur áréttað á opinberum vettvangi, þá ber Þjóðskjalasafni skylda að taka við safnkosti Borgarskjalasafns. Ef starfsemi sveitarfélags um héraðsskjalasafn er hætt skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands safngögnin á kostnað þess sveitarfélags sem stóð að starfsemi héraðsskjalasafnsins.

Hafa átt sér stað einhverjar viðræður um þau mál?

Já, viðræður hafa átt sér stað.



Hvert er kostnaðarmat Þjóðskjalasafnsins og menntamálaráðherra á slíku verkefni?

Sveitarfélag sem afhendir Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín til vörslu greiðir fyrir vörslu þeirra samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur of fram kemur í m.a. í skýrslu KPMG um framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns. Um þjónustu Þjóðskjalasafns gildir gjaldskrá nr. 1360/2021 sem tók gildi 1. desember 2021. Að örðu leyti er vísað í svar við fyrri spurningu.

Hvað þyrfti Reykjavíkurborg að greiða í meðgjöf með Borgarskjalasafninu við slíkan tilflutning?

Ekki er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði sérstaka meðgjöf vegna þessa. Að öðru leyti er vísað til kafla 4 í skýrslu KPMG.

Er nægilegt að menntamálaráðherra sé sent bréf þess efnis að frá og með einhverjum degi sé Borgarskjalasafn á ábyrgð Þjóðskjalasafns hvort sem það vill eða vill ekki?

Skv. 10. gr. laga um opinber skjalasöfn skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands safngögn herraðsskjalasafns ef starfsemi er hætt.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Karen María Jónsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra